

19. október 1987

909

Nr. 482

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 375/1987 um skatt af erlendum lánum,  
leigusamningum o.fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþegin skatti skv. 1. gr. eru afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán tekin erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flyta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða. Sama á við um önnur erlend lán vegna útflutningsafurða sem falla undir ákvæði auglýsingar nr. 309/1986. Þá eru undanþegin skatti þessum erlend lán vegna hráefniskaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði.

Fjármögnun sem er að öllu leyti innlend, hvort sem hún er í formi láns eða leigu, er undanþegin skatti skv. 1. gr. þó að endurgreiðsla eða leigugjald fari fram í erlendum gjaldeyri eða sé gengistrygð, svo sem endurlán andvirðis innlendra gjaldeyrisreikninga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í IV. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 19. október 1987.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Snorri Olsen.*

16. október 1987

## AUGLÝSING

Nr. 483

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. október 1987 staðfest uppdrátt um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að því er varðar lokun Norðurgötu að hluta.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1987.*

F.h.r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

B 61

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg